

Greinargerð**2. september 2024**

08.00

Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi vindorkuvers við Vaðöldu

Fyrirhugað vindorkuver við Vaðöldu, sem hefur gengist undir vinnuheitinu Búrfellslundur, er staðsett á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, nánar tiltekið við Vaðöldu sunnan Sultartangastíflu sem liggur við upphaf Sprengisandsleiðar (26) og er alfarið innan sveitarfélagamarka Rangárþings ytra.

Vindorkuverið er allt að 120 MW í uppsetti afli með allt að 30 vindmyllum. Hámarkshæð vindmylla er 150 m. Með Búrfellslundi mun Landsvirkjun mæta vaxandi orkuþörf, bæði til almennrar notkunar og iðnaðar.

Landsvirkjun óskar eftir framkvæmdarleyfi fyrir framkvæmdum við vindorkuver við Vaðöldu, auk framkvæmda fyrir efnistöku allt að 50.000 m³ á efnistökuastað E70 við Tungnaá sem er á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Í framhaldi af því verður sótt um byggingarleyfi fyrir mannvirki sem eru byggingarleyfisskyld og önnur leyfi eins og við á. Gert er ráð fyrir að síðar verði efnistaka með allt að 200.000 m³ úr Langöldu sem nú er í umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun.

Greinargerð þessi fylgir umsókn um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins Rangárþings ytra, í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi m.s.br. og 27. gr. laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana varðandi afgreiðslu leyfis til matsskyldra framkvæmda. Sveitarfélög veita framkvæmdaleyfi fyrir öllum meiriháttar framkvæmdum innan þeirra skv. 12. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að teknu tilliti til álits Skipulagsstofnunnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og á grundvelli deiliskipulags.

1. Lýsing á framkvæmd

Á mynd 1 í bréfi umsóknar má sjá kort af fyrirhuguðu Vaðölduveri, staðsetningu vindmylla, vega og vinnusvæða.

Vindmyllur

Gert er ráð fyrir að uppsetning vindmylla og undirstöður þeirra sé byggingarleyfisskyld skv. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Sótt verður um byggingarleyfi fyrir vindmyllunum, undirstöðum og vinnuþlönnum við vindmyllustæðin í samráði við Rangárþing ytra um leið og val á vindmylluframléiðanda liggur fyrir.

Gert er ráð fyrir að reisa allt að 120 MW vindorkuver með allt að 30 vindmyllum. Áætluð turnhæð vindmylla er allt að 95 m og hámarkshæð vindmylla þegar spaðar eru í efstu stöðu er allt að 150 m. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 30 vindmyllum. Endanlegur fjöldi vindmylla ræðst af gerð þeirra vindmylla sem valdar verða til uppsetningar. Umfang þeirra og vinnslugeta mun verða innan þeirra viðmiðunarmarka sem fram koma í skipulagi.

Sérhver vindmylla er reist á steinsteypri undirstöðu. Undirstaðan er að mestu niðurgrafin fyrir utan efsta hluta sem er að þvermáli örlítið stærri en þvermál vindmylluturns.

Umhverfis hverja vindmyllu þarf að útbúa malarborið plan með góðum burði fyrir reisingu vindmylla. Við hverja vindmyllu verður útbúið plan fyrir krana sem sér um hýfingar á einingum vindmyllunnar. Þetta plan stendur óbreytt eftir framkvæmdir yfir líftíma verkefnis.

Þar að auki er útbúið tímabundið athafnasvæði á meðan uppsetningu vindmyllanna stendur, þ.e. fyrir geymslu og samsetningu ákveðinna hluta vindmyllunnar. Gengið er frá slíkum svæðum í lok framkvæmdar í samráði við landslagsarkitekta þannig að það falli vel að umhverfinu.

Fyrir eftirfarandi framkvæmdir vísast í fylgiskjal 1 með teikningum og yfirlitsmynd.

Vegir

Verkið felst í að leggja vegi innan framkvæmdasvæðis vindorkuversins, alls um 23 km að lengd. Vegir eru 5 m breiðir að meðtöldum öxlum og með mætiútskotum á að hámarki á 500 m fresti. Einnig er um að ræða tengingar að vindmylluplönnum og snúningssvæði. Ekki eru fyrir vegir innan framkvæmdasvæðisins aðrir en gamlir slóðar frá framkvæmdum við Sultartangastíflu og línuvegur meðfram háspennulínu. Horft hefur verið til þessara slóða við staðsetningu fyrirhugaðra vega. Svæðið þar sem vegagerðin á sér stað er flatt og engir lækir eða ár sem þarf að brúa að frátöldum einstaka ræsum. Á köflum er skorið fyrir vegum í núverandi land, efnið fært til í veglínunni sem fylling, eða fært til hliðar til nota í fláafleyga. Rafstrengir verða almennt lagðir meðfram vegum í vegfláa.

Aðkoman inn á svæðið verður á tveimur stöðum, frá Þjórsárdalsvegi annars vegar og frá Sprengisandsleið hins vegar. Vegir verða lagðir um svæðið að hverri einstakri vindmyllu og einnig að safnstöð austarlega á svæðinu.

Vinnubúðir

Hluti af verkefninu felst í uppsetningu á vinnubúðum fyrir framkvæmdina sem staðsett er innan framkvæmdasvæðis Búrfellslundar. Gert er ráð fyrir að reisa vinnubúðir á afmörkuðu svæði samkvæmt deiliskipulagi. Vinnubúðir eru tímabundin mannvirki sem verða tekin niður og fjarlægð í lok framkvæmdar.

Vinnubúðirnar samanstanda af skrifstofu (180 m²), móttökuaðstöðu og fundarherbergjum (100 m²) og matsal (100 m²). Ekki er gert ráð fyrir eldunaraðstöðu í matsal.

Vinnubúðir verða staðsettar við austari innkeyrslu að svæðinu með heildarbyggingarmagni allt að 2.500 m². Gert er ráð fyrir að vinnubúðirnar verði á einni hæð. Gera þarf fyllingu um 1,6 ha að stærð undir þær.

Ekki er gert ráð fyrir svefnaðstöðu á svæðinu. Leggja þarf vatnslögn frá vatnstökuholu norðan við vinnubúðasvæðið og setja niður rotþró sunnan við það. Svæðið verður einnig nýtt sem geymslusvæði. Að framkvæmdum loknum verða tímabundin mannvirki tekin niður eins og gámaeiningar, hellur og plön og það fjarlæggt af svæðinu.

Geymslusvæði

Gert er ráð fyrir tveimur malarbornum geymslusvæðum á framkvæmdartíma, annars vegar við vestari innkeyrslu sem síðar verður nýtt sem bílastæði fyrir almenning á rekstrartíma og hins vegar við austari innkeyrslu. Þessi svæði eru á lóðum l11 og l12 á deiliskipulagsupprætti.

Safnstöð

Uppsetning safnstöðvar er byggingarleyfisskyld skv. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Sótt verður um byggingarleyfi fyrir safnstöð vindorkuversins sem hýsir rofa-, raf- og stjórnbúnað vindorkuversins.

Efnistaka

Samkvæmt magntöku af útboðsteikningum fyrir vegagerð er gert ráð fyrir að taka þurfi um 20.000 m³ úr námum í almenna fyllingu í vegstæði auk um 200.000 m³ af unnu efni í styrktarlag og burðarlög. Auk þess er áætlað að um 40.000 m³ af almennri fyllingu fái úr skeringum í vegstæði.

Gert er ráð fyrir að taka allt að 50.000 m³ af efni á Tungnaáreyrum ofan við Hald, haustið 2024 og fram á árið 2025 (efnistökusvæði E70 sem má sjá á mynd 1). Um er að ræða svæði á afrétt sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar. Samkvæmt aðalskipulagi Rangárpings ytra er mati á umhverfisáhrifum lokið fyrir allt að 50.000 m³ af fyllingar- og steypuefni. Gert er ráð fyrir að vinnsludýpi verði á bilinu 1,5-2,5 m og að efnistaka muni fara fram á 1-2 ha svæði innan afmarkaðs 5 ha svæðis sem sýnt er á mynd 2.


Miðað hefur verið við að vinna um 190.000 til 200.000 m³ úr námu við Langöldu á árinu 2025 til vegagerðarinnar, þegar og ef leyfi fæst fyrir efnistöku þar.

Þar sem vinna þarf efni þarf að setja upp hörpunar- og mölunarsamstæðu. Það getur átt við öll efnisvinnslusvæðin. Búast má við að settur verði upp kaffiskúr fyrir 2-3 menn á hverjum efnistökuastað en við slíka efnisvinnslu starfa venjulega 2 menn. Gert er ráð fyrir að leggja rafstreng að Langöldunámu en á öðrum efnistökuastaðum verður raforka framleidd með dísilstöð.


Í öllum tilvikum verður gengið frá námum á snyrtilegan hátt þannig að ekki skapist hætta á námusvæðinu í framtíðinni. Brattir fláar verða teknir niður þar sem við á en að öðru leyti verður svæðið jafnað þannig að það falli vel að umhverfinu.

Áhersla er á góða umgengi á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok. Gert er ráð fyrir að efnistaka úr E70 verði ekki framhaldið þegar leyfis- og skipulagsmál við Langöldu verða klárað og svæðið þar tekið í notkun. Vinnslutími er því áætlaður fram í desember 2024.

Landsvirkjun mun ganga eins vel frá svæðinu við E70 og kostur er og áhersla verður lögð á að frágangur verði þannig að komið verði í veg fyrir rof og uppblástur af svæðinu.



Mynd 1 Hluti Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028.



Mynd 2 Hluti efnistökusvæðis E70 við Tungnaá.

2. Framkvæmdaáætlun

Áætlað er að framkvæmdir vegna vegagerðar, gerð geymslusvæða og uppsetningu vinnubúða hefjist haustið 2024 og ljúki í upphafi hausts 2025. Önnur mannvirkjagerð fer fram á svæðinu vorið 2025. Gert er ráð fyrir að flutningur á vindmyllum inn á svæðið hefjist á fyrri hluta árs 2026 og uppsetning hefjist snemma sumars sama ár. Stefnt er á að vindorkuverið verði tekið í notkun seinni hluta árs 2026. Að lokum fer fram frágangur og landmótun á svæðinu árið 2027.

3. Álit Skipulagsstofnunar

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, sjá matskýrslu¹, fyrir Búrfellslund lauk í desember 2016 og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir (málsnr. 201507054), sjá fylgiskjal 2. Brugðist var við álitinu og athugasemdum sem bárust í umhverfismatinu og í ferli 3. áfanga rammaáætlunar Vindorkuverið er útfært í samræmi við niðurstöður mats á umhverfisáhrifum framkvæmda frá 2016 sem og mati á umhverfismati áætlana frá 2023.

4. Skipulagsmál

Aðalskipulag

Aðalskipulagsbreyting Rangárpings ytra vegna Búrfellslundar var samþykkt í sveitarstjórn 10. apríl 2024 og staðfest af Skipulagsstofnun 8. maí 2024. Aðalskipulagsbreytingin tók gildi 24. maí þegar hún var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Framkvæmdasvæðið er nú skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Rangárpings ytra.

Deiliskipulag

Deiliskipulag Búrfellslundar var samþykkt í sveitarstjórn 10. apríl 2024 og tók gildi 28. maí 2024 við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 120 MW vindorkuveri með allt að 30 vindmyllum, safnstöð, tengivirki, tímabundnum vinnubúðum og steypustöð. Einnig er gert ráð fyrir áningarstað, vegum, slóðum, jarðstrengjum og öðrum innviðum fyrir vindorkuverið (sjá fylgiskjal 3).

Umhverfismat áætlana vegna breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags var unnið samhliða skipulagsvinnunni og eru áhrif beggja skipulagsáætlana metin í sameiginlegri umhverfismatskýrslu.

5. Leyfismál

Hér að neðan má sjá samantekt á leyfismálum Búrfellslundar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar:

- *Rammaáætlun*
Í rammaáætlun; áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, er svæðum til verndunar eða nýtingar forgangsraðað og var Búrfellslundur samþykktur í orkunýtingarflokk þann 15. júní 2022 samkvæmt þingsályktun Alþingis (nr. 24/152).
- *Leyfi Minjastofnunar Íslands:*
Ef hreyfa þarf við fornleifum þarf að leita samþykkis stofnunarinnar samkvæmt 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Leyfi Minjastofnunar liggur fyrir í bréfi frá 26. nóvember 2021. Engar fornminjar fundist innan framkvæmdasvæðis og þarf því ekki sérstakt leyfi fyrir framkvæmdina en Minjastofnun Íslands er lögbundinn umsagnaraðili.
- *Virkjunarleyfi*
Orkustofnun veitir leyfi til að reisa og reka ný raforkuver skv. 4., 5. og 6. gr. raforkulaga nr. 65/2003 m.s.br. Virkjunarleyfi frá Orkustofnun var útgefið fyrir vindorkuverið þann 12. ágúst 2024. Sjá fylgiskjal 4.
- *Framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarfélags*

¹ [https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1182/B%C3%BArfellslundur_matskyrsla_%20\(002\).pdf](https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1182/B%C3%BArfellslundur_matskyrsla_%20(002).pdf)

Sveitarfélög veita framkvæmdaleyfi fyrir öllum meiriháttar framkvæmdum innan þeirra skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- *Byggingarleyfi*
Byggingarfulltrúar veita byggingarleyfi skv. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Þegar samningar við vindmylluframleiðendur liggja fyrir verður sótt um byggingarleyfi fyrir vindmyllur, undirstöður, vinnuþlön og safnstöð.
- *Starfsleyfi vegna vinnubúða*
Heilbrigðisnefnd sveitarfélags veitir starfsleyfi fyrir tímabundna vinnuáðstöðu sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit (viðauki X). Sótt verður um starfsleyfi vegna vinnubúða síðar.
- *Starfsleyfi fyrir efnisnám og landmótun*
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir efnisnám og landmótun sbr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- *Starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir*
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024.

6. Samningar við landeigendur

Leyfi forsætisráðuneytis þarf fyrir nýtingu á landi í samræmi við ákvæði laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Skrifað var undir samning við íslenska ríkið um lands- og vindorkuréttindi þann 14. ágúst 2024. Gildistími samningsins er 35 ár með möguleika á framlengingu um 15 ár. Sjá fylgiskjal 5.

7. Vöktun og eftirlit

Í matsskýrslu fyrir Búrfellslund voru lagðar fram mótvægisáðgerðir sem tekið var tillit til við útfærslu skipulagsáætlana. Einnig komu fram áherslur úr áliti Skipulagsstofnunar fyrir tiltekna umhverfisþætti. Í matsskýrslu var gerð grein fyrir áformum um vöktun en hér er gerð grein fyrir vöktun og eftirliti á framkvæmdatíma. Nánari vöktunaráætlun varðandi rekstur mun taka mið af kröfum í öðrum leyfum eins og við á. Almennt séð verður á framkvæmdatíma eftirlit með raski, efnanotkun, orkunotkun, magni úrgangs ásamt öðrum þáttum sem tilgreindir verða í leyfum til framkvæmda.

Eftirfarandi mótvægisáðgerðir eiga við fyrirhugaðar framkvæmdir:

Jarðmyndanir

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telur að verndargildi jarðmyndana á framkvæmda- og efnistökusvæðum sé ekki mikið þar sem gígar og eldhraun á svæðinu eru að mestu hulin gjósku sem dylur náttúrulega ásýnd þeirra. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd nr. 60/2013 kemur fram að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki lengur hægt að greina sem hraun, hafi að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndun eða hraunvistgerð og njóti því ekki sérstakrar verndar samkvæmt lögnum. Skipulagsstofnun leggur áherslu á í áliti sínu að í deiliskipulagi og leyfum til framkvæmda verði framkvæmdasvæði og byggingarreitir afmarkaðir þröngt til þess að draga eins og kostur er úr raski á jarðmyndunum.

Við vegagerð á svæðinu verður gjósku í einhverjum tilvikum skipt út fyrir jarðefni með meira burðarþol og fer umfang þess eftir aðstæðum á hverjum stað. Við veglagningu og annarrar aðstöðusköpunar verður um lítið rask á jarðmyndunum að ræða.

Í deiliskipulagi voru framkvæmdasvæði og byggingarreitir afmarkaðir þröngt til þess að draga eins og kostur er úr raski á jarðmyndunum. Eftirlit á framkvæmdartíma miðar að því að lágmarka allt

jarðrask og forðast skal að raska hraunmyndunum sem kunna að finnast s.s. gervigígum sé þess kostur.

Gróður

Skipulagsstofnun telur í áliti að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á gróður. Skipulagsstofnun leggur engu að síður til að í deiliskipulagi og leyfum til framkvæmda verði framkvæmdasvæði og byggingarreitir afmarkaðir þröngt til þess að draga eins og kostur er úr raski á gróðri.

Ráðist verður í uppgræðslu í stað þess gróðurs sem tapast vegna framkvæmda sem miði að því að endurheimta a.m.k. sambærileg stór svæði sé þess kostur. Áhersla verði á áframhaldandi landgræðslu á svæðinu í samvinnu við Heklusköga og Land og skóg í samræmi við núgildandi áætlanir sem gilda um svæðið.

Minjar

Fram kemur í áliti að Skipulagsstofnun telur að áhrif á fornleifar verði óverulegar. Gera þarf grein fyrir fornleifum í deiliskipulagi og setja viðeigandi skilyrði um umgengni nærri fornleifum í skilmála deiliskipulags og leyfa til framkvæmda.

Engar þekktar minjar eru taldar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og ekki er því ástæða til sérstakra mótvægisáðgerða gagnvart áhrifum á fornminjar. Fylgst verður með á framkvæmdartíma hvort áður óþekktar minjar finnast.

Útivist og ferðabjónusta

Landsvirkjun mun vinna með sveitarfélögum á svæðinu og ferðabjónustuaðilum að því hvernig verður hægt að nýta uppbyggingu Búrfellslundar á þann hátt að ný tækifæri skapist í ferðamennsku á svæðinu á framkvæmda- og rekstrartíma.

Ásýnd og landslag

Við útfærslu og hönnun mannvirkja innan vindorkuversins var gerð greining á sýnileika af endanlegri uppröðun vindmylla til að draga eins og kostur er úr umfangi fræðilegs sýnileika framkvæmdar og minnka ásýnd á ýmis svæði og ferðaleiðir. Einnig verður horft til litavals vindmylla og lágmörkun flugöryggisljósa til að draga úr ásýndaráhrifum. Við frágang á svæðinu skal móta yfirborð að aðliggjandi landi eftir því sem kostur er.

Heilsa, velliðan og öryggi

Hljóðstig mælt á rekstrartíma til að þekkja áhrif af starfsemi og til að tryggja að rekstur vindmylla uppfylli kröfur reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða innan skilgreinds iðnaðar- og athafnasvæðis.

Fuglalíf

Framkvæmdaraðili hyggst hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands vegna frekari rannsókna, vöktunar og mögulegra mótvægisáðgerða m.t.t. áhrifa á fuglalíf.

8. Frágangur í verklok

Landsvirkjun hefur sett sér loftslags- og umhverfisstefnu og þar kemur fram að fyrirtækið ber virðingu fyrir náttúru landsins og ásýnd þess. Samkvæmt þessari stefnu verður við hönnun og uppbyggingu innviða vegna vindorkuvers við Vaðöldu lögð áhersla á að skapa sem best heildarjafnvægi milli útlits mannvirkja, landmótunar og náttúrulegs umhverfis. Við frágang verður lögð áhersla á vandaða landmótun. Lokafrágangur við verklok verður mótaður af landslagsarkitektum í samráði við Rangarárþing ytra.

Að loknum framkvæmdatíma verður öll aðstaða verktaka tekin niður. Vegir og vinnuþlön við vindmyllur munu halda sér á rekstrartíma vindorkuversins. Við lok rekstrartíma vindorkuversins munu öll mannvirki tekin niður og eftir atvikum verður vegum og þlönnum mokað til og aðlöguð að landi. Horft verður til þess að koma svæðinu sem best í fyrra horf í samráði við Rangarárþing ytra. Gert er ráð fyrir að unnin verði landmótunaráætlun í samráði við sveitarfélagið, þegar fyrir liggur nánar umfang raskaðra svæða og áherslur sveitarfélags, m.a. varðandi áningarstað, gönguleiðir o.fl.



Í lok rekstrar verður öllum kröfum framfylgt sem koma fram í útgefnum leyfum og lögum.

9. Fylgiskjöl

1. Teikningar og yfirlitsmynd af framkvæmd
2. Álit Skipulagsstofnunnar
3. Deiliskipulag
4. Útgefið virkjunarleyfi
5. Samningur við íslenska ríkið um lands- og vindorkuréttindi